

Helmingur heimtaugargjalds skal greiddur við umsókn, en síðari hlutinn áður en notkun hefst.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. maí 1979 sbr. auglýsingu nr. 192/1979 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 278 10. ágúst 1978 með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 23. maí, 1979.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Grindavíkur.

I. RAFORKA

Rafveita Grindavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Lýsing.

A—1. Um kWst.-mæli á kr. 120.67 hverja kWst. Við þessu verði skal selja hvers konar notkun raforku, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.

A—2. Um kWst.-mæli á kr. 47.21 hverja kWst. auk fastagjalds, sem er kr. 526.00 á hvern fermetra gólfflatar í rúmi því er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 174.00 á ári af hverjum fermetra.

B. Raforka til almennrar heimilisnotkunar.

Um kWst.-mæli á kr. 30.17 hverja kWst. auk mælaleigu.

C. Vélanotkun o. fl.

C—1. Um kWst.-mæli á kr. 68.07 hverja kWst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma má krefjast minnsta árgjalds kr. 33 133.00.

C—2. Vélanotkun til bráðabirgða um kWst.-mæli á kr. 68.07 hverja kWst.

C—3. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla er yfir 20 kW:

- a) Um kWst.-mæli á kr. 10.00 hverja kWst. auk fastagjalds kr. 33 133.00. Notað afl telst vera mesta meðalág á árinu mælt yfir stundarfjórðung á kW.
- b) Ef ekki eru tók á að mæla notað afl, má selja þannig: Um kWst.-mæli á kr. 10.00 hverja kWst. auk fastagjalds kr. 31 351.00 á hvert kW. Í málaun uppsettra véla á árinu. Heimilt er að rjúfa straum allt að þrem stundum á dag samkv. gjaldskrárlið C—3 kl. 10.30—12.00 og kl. 17.30—19.00.

C—4. Um afl- og orkumæla:

- a) Af notuðu afli mælt í stundarfjórðung, kr. 33 133.00 á kW á ári.
- b) Af allri notkun kr. 10.00 hverja kWst. Samkvæmt gjaldskrárlið þessum heimilast að selja raforku til vélareksturs, hitunar og ljósa, en reikna skal gólfflatargjald vegna ljósanotkunar kr. 526.00 á hvern ferm. í vinnusölum, kaffi-

stofum og öðrum slíkkum, en kr. 174.00 á hvern ferm. í vörugeymslum, efnisgeymslum, frystiklefum og þess háttar. Þar sem erfitt er að greina á milli hverjum þessara flokka gólfplatargjald skal reikna eftir, skal greiða kr. 288.00 á hvern fermetra á ári.

D. Hitun.

Söluskattsfrítt frá 1. desember 1973.

D—1. Um kWst.-mæli á kr. 12.73 hverja kWst.

D—2. Um kWst.-mæli með rofi í eina til þrjár klst. á dag kr. 7.32 hverja kWst.

D—3. Um afl- og orkumæla:

- a) á kr. 7.32 hverja kWst. auk fastagjalds af mestu aflnotkun á ári kr. 6 142.00 hvert kW.
 - b) Ef ekki eru tók á að mæla aflnotkun, skal greiða samkv. ástimplun hitatækja og fullt álag.
- D—4. Um kWst.-mæli á kr. 3.66 hverja kWst. með rofi frá kl. 08.00—23.00.

Skilyrði fyrir raforkusölu til húsa hitunar.

- a) Að vélaafl, spennar, götustrengir og línur þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- b) Að notandi kosti tenginguna og uppsetningu á álagsstýrirofum sem rafveitan leggur til og greiði leigu af þeim samkv. gjaldskrá.
- c) Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.
- d) Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkv. fyrirmælum rafveitunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastíllar notaðir þegar þess er krafist.
- e) Að húsnaði fullnægi lágmarkskröfum um einangrun sem rafveitan kann að setja.
- f) Að lagðar séu niðurstöður útreikninga á hitaþörf þess húsrýmis sem hita skal og tekið fram um stærð hitatækja sem sett verða upp.

E. Önnur raforkusala.

Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á kr. 35.94 hverja kWst. enda sé notkunin mæld um sérmæli og suðutæki fasttengd.

Til nota um vinnulagnir við byggingar meðan á byggingu stendur um kWst.-mæli á kr. 61.17 hverja kWst.

Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kWst.-mæli á kr. 10.94 hverja kWst. ef straumur er rofinn frá kl. 8.30—22.00 eða um tvígjaldsmæli kr. 8.76 hver kWst. á tímanum frá 22.00—8.30 og kr. 27.42 hver kWst. frá 8.30—22.00.

Til gatna- og hafnarlýsinga svo og vinnulýsingar við nýbyggingar og aðra mannvirkjagerð á kr. 35.94 hver kWst.

Alla rafmagnsnotkun sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A—1. Þegar sérstaklega stendur á má rafveitustjóri þó að tilskildu samþykki rafveitustjórnar veita afslátt á gjaldskrárliðum C—E (háðir meðtaldir) á orku, sem notuð er á sumrin, sé um aukningu frá vetrarþotkun að ræða. Ennfremur að selja orku eftir sérstökum samningi sé það hagstætt vegna orkunýtingar rafveitunnar.

F. MÆLALEIGUR

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum, sem hér segir:

1. Af einfasa mælum upp að 30 amp. kr. 184.00 pr. mán.
2. Af þrífasa mælum upp að 50 amp. — 220.00 pr. mán.
3. Af þrífasa mælum 50 til 200 amp. — 549.00 pr. mán.
4. Af þrífasa mælum yfir 200 amp. — 822.00 pr. mán.
5. Af álagsstýringarliðum — 822.00 pr. mán.

Af öðrum mælitækjum en þeim sem nefnd eru í gjaldskránni, skal ársleiga vera sem næst 20% af verði mælitækis.

III. HEIMTAUGAGJÖLD.

Heimtaugagjöld miðast við aflþörf notanda sem gerir grein fyrir væntanlegri notkun sinni í umsókn um heimtaug og ákveður rafveitustjóri stærð og gerð heimtaugar í samræmi við það. Heimtaugagjöld ákveðast þannig:

	Málstraumur stofnvara	Hámarks- afl kVa	Heimtaug- argjald kr.
1.	3 × 60	22	144 928.00
2.	3 × 100	38	210 398.00
3.	3 × 200	75 sp.	414 268.00
4.	3 × 350	132 sp.	689 997.00

Ofangreint gjald miðast við 15 metra langan jarðstreng eða 30 metra loftlínu heimtaug. Þar sem heimtaug þarf að vera lengri en að framan greinir, skal það sem fram yfir er, greiddast samkv. kostnaðarreikningi.

Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa á útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa varkassann á innvegg skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu, sem strengurinn er dreginn í svo og staðsetningu varkassa svo aðgengilegt sé að komast að honum enda greiðir húseigandi kostnað af því.

Sé lögð bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu, skal greiða fyrir hana sem hér segir:

Fyrir 60 amp. einfasa	kr. 30 057.00
Fyrir 60 amp. þrífasa	— 37 900.00

Verði þörf á að skipta um heimtaug vegna aukinnar raforkuþarfar skal notandi greiða hina síðari samkvæmt kostnaðarreikningi.

Heimtaug verður ekki lögð meðan frost er í jörð, eða óveður há útvinnu.

Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða óeðlilegar eða erfiðar aðstæður skal greiða heimtaugargjald samkvæmt reikningi.

Ef fleiri en ein heimtaug er lögð að húsi skal húseigandi greiða allan kostnað við síðari heimtaugar eftir kostnaðarreikningi.

Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar spennistöðvarinnar svo og allan kostnað af spennistöðinni.

Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa, að dómi rafveitustjóra.

IV. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar komi, skal greiða gjald fyrir enduropnun kr. 4 097.00 á hvern máli.

2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni tafarlaust lokað og ekki opnuð aftur fyrr en notandinn hefur bætt úr því og greitt 4 097.00 fyrir enduroppnun til innheimtu rafveitunnar.

V. SÖLUSKATTUR GJALDSKRÁRBREYTINGAR O. FL.

Innifalinn í gjaldskránni eru söluskattur og verðjöfnunargjald, nema af raforku til húshitunar.

Bæjarstjórn Grindavíkur er heimilt að hækka eða lækka gjöld skv. gjaldskrá þessari um allt að 20%, enda verði breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Hækki innkaupsverð á raforku, kaupgjald eða verðlag, er bæjarstjórn heimilt að fengnum tillögum rafveitunnar, að hækka rafmagnsreikningana um allt að 50% af hækkuninni.

Hækkanir samkvæmt ofanrituðu eru háðar samþykki Iðnaðarráðuneytisins .

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. maí 1979 sbr. auglýsingu nr. 192/1979 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 276 10. ágúst 1978 með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 23. maí 1979.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

REGLUGERÐ

um hámarksfjölda leigubifreiða til vöruflutninga á félagssvæði
Vörubifreiðastjórufélags Strandasýslu.

1. gr.

Reglugerð þessi nær til félagssvæðis Vörubifreiðastjórufélags Strandasýslu, en það nær yfir Strandasýslu og Staðarhrepp í Vestur-Húnavatnssýslu.

2. gr.

Fjöldi leigubifreiða til vöruflutninga á svæðinu takmarkast við hámarkstöluna 20, sbr. þó 8. gr. laga nr. 36 frá 9. maí 1970. Tölu þessa má endurskoða á tveggja ára fresti. Áður en ákvörðun er tekin um nýja hámarkstölu skal leita umsagnar Vörubifreiðastjórufélags Strandasýslu, sýslunefndar Strandasýslu og sýslunefndar Vestur-Húnavatnssýslu.

3. gr.

Leiguakstur telst þegar vörubifreið er seld á leigu ásamt ökumanni til flutninga á vörum fyrir tiltekið gjald, þar sem ökumaður eða eigandi bifreiðarinnar er hvorki eigandi, seljandi né kaupandi vörunnar, sem flutt er.

Vörubifreiðar félagsins skulu auðkenndar árlega með sérstöku merki.